

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 7. nóvember 2023
Mnr. 2023110033



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Staða máls

Forstöðukona sundlaugarinnar, kallaði til AV-pípulagnir vegna mögulegs, leka í sundlaug Þingeyrar. Í samráði við sviðsstjóra var farið í þá aðgerð að stöðva alla áfyllingu í sundlaugarkerið. Í framhaldi voru gerðar mælingar á því hversu mikið vatn var að tapast.

Á einum sólarhring lækkaði vatnsyfirborð um 25 cm., sem er óeðlilega mikið tap, á vatni og var staðan sú að ekki hafðist, undan við að halda hita á lauginni.

Ákveðið var að að láta renna sjálfkrafa niður úr lauginni, til þess að sjá hvar og hvort útrennsli myndi stoppa á einhverjum tímamarki. Í þessari athugun hafði laugin tæmt sig, á nokkru dögum. Sem bendir til þess að vatnstap tengist mögulega stútum/lögnum í sundlaugarbotni eða lögnum undir sundlaug.

Dúkurinn í laugarkerinu er frá byggingarári hússins 1996, þ.e.a.s. dúkurinn er 28 ára gamall. Almennt er gert ráð fyrir að endingartími sé um 20 ár. Dúkurinn er úr sér genginn og tímabært að fara í dúkskipti, dúkurinn er víða sprunginn og slitinn niður að striga.

Það sem ljóst er í þessum frumathugunum, eru eftirfarandi:

- Dúkur í laugarkeri er ónýtur og þarf að skipta um
- Þarf at skipta um innrennslisstúta
- Fráveitustútur mögulega í lagi.
- Mynda lagnir eftir að stútar hafa verið fjarlægðir. Að svo stöddu er því ekki viðkomið.

Óvissupættir:

- Óljóst er með ástand sundlaugarkers, það er ekki hægt að meta ástand kersins fyrr en að búið er að hreinsa núverandi dúk í burtu.
- Lagnir innrennslis- og útrennsli/fráveita óljóst er með lagnirnar, sem slíkar þar sem ekki hefur verið hægt að koma að myndavél.

Næstu skref:

- Finna iðnaðarmenn í að fjarlægja dúk
- Mynda lagnir (innstreymis)
- Taka út sundlaugarker, m.t.t. sprungna og tæringar
- Kostnaðarmat framkvæmda
- Verðfyrirspurn til fagaðila með nýjan dúk og frágang að því gefnu að það sé, ekki meira að bætast við fyrir utan dúk og stúta.

